

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Kersholt.

Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru fjórar lóðir og opið svæði. Heimilt er að reisa eitt frístundahús og eitt útihús á frístundalóðunum. Hámarksstærð útihúsa er 30 m² og hámarksnýtingarhlutfall er 0,005.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. febrúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.